

## **Sigurjón og Þorvaldur. Tveir módernistar**

### *Sýning í Hafnarborg, október - nóvember 2008*

Í október 2008 opnaði stór sýning í Hafnarborg, Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar á verkum samtíðarmannanna og brautryðjenda í íslenskri myndlist á 20.öld; Þorvalds Skúlasonar (1906-1984) og Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara (1908-1982) Sýningin bar heitið *Sigurjón og Þorvaldur. Tveir módernistar* og var samstarfsverkefni Listasafns Háskóla Íslands og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Sýningarstjórar voru Auður Ólafsdóttir safnstjóri Listasafns HÍ og Birgitta Spur forstöðumaður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Sigurjón Ólafsson myndhöggvari og Þorvaldur Skúlason listmálari voru í hópi framsæknustu listamanna sinnar kynslóðar og mikilvægir frumkvöðlar módernisma í íslenskum myndlistarheimi. Þeir voru af þeirri kynslóð íslenskra myndlistarmanna sem kom fram á listsviðið laust upp úr 1930 og svo til jafnaldrar, Þorvaldur fæddur árið 1906, Sigurjón árið 1908 og báðir féllu frá á níunda áratugnum með skömmu millibili, Sigurjón árið 1982 og Þorvaldur 1984. Þeir voru báðir þorpsdrengir, þótt bakgrunnur þeirra væri að öðru leyti ólíkur, Þorvaldur sonur kaupfélagsstjóra en Sigurjón af efnalitlu fólki kominn. Þeir voru ekki ólíkir að yfirbragði, báðir grannir og lágvaxnir, nokkuð undir meðalhæð íslenskra karlmannna. Leiðir þeirra lágu stutta stund saman í Reykjavík fyrir tvítugt í tímum hjá Ásgrími Jónssyni listmálara áður en þeir héldu utan til myndlistarnáms, báðir árið 1928, Þorvaldur til Osló en Sigurjón til Kaupmannahafnar. Þorvaldur var búsettur samfelld erlendis í 13 ár, í Osló, París og Kaupmannahöfn, Sigurjón í 17 ár í Kaupmannahöfn. Þegar Þorvaldur flyst til Kaupmannahafnar árið 1933, endurnýja þeir kynnin, sama ár gerir Sigurjón portréttmynd af Þorvaldi.

Sigurjón dvaldi í Danmörku öll síðari heimstyrjaldarárin en Þorvaldur kom heim árið 1940. Báðir settust að í hermannaþröggum við heimkomuna, þar sem þeir bjuggu sér heimili og vinnustofu, við þröngan kost margra íslenskra myndlistarmanna um miðja 20. öld. Ferill þeirra Sigurjóns og Þorvalds spannar um 50 ár og hélst vinskapur með þeim og samgangur til æviloka. Þeir sýndu saman á fjölmörgum sýningum; árið 1934 á Charlottenborg og árið 1939 á Skandinaverne í Kasupmannahöfn. Þeir taka þátt í Septembersýningum 1947, 1948, 1951 og 1952 og stofna SEPTEM sýningarhópinn árið 1974 og sýna með honum árlega til dauðadags. Báðir voru með yfirlitssýningar í Listasafni Íslands árið 1972 og árið 1978, þegar Sigurjón var

sjötugur og Þorvaldur sjötíu og tveggja ára, héldu þeir síðustu samsýninguna á verkum sínum í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Það eru því rétt 30 ár á milli síðustu samsýningar þeirra í Bogasalnum og í sýningarinnar í Hafnarborg 2008.

Snertifletir í list þeirra Sigurjóns og Þorvalds liggja víða. Báðir listamennirnir voru allatíð uppteknir af þeirri myndhugsun sem býr í samspili forms, rýmis og efniviðar og leituðust við að ná fram sterkum áhrifum á eins einfaldan og úthugsaðan hátt og hægt var. Gildir það jafnt um figúratíf og abstrakt verk þeirra. Þá sýna verk þeirra hversu mikinn áhuga þeir Sigurjón og Þorvaldur höfðu á mætti dýnamískrar hreyfingar, annar í tvívíðum fleti málverksins, hinn í kyrrstæðu efni höggmyndar. Oft má líka greina sambærilegar formbreytingar í verkum þeirra Sigurjóns og Þorvalds sem báðir unnu gjarnan í tímabilum þar sem þeir “tæmdu” möguleika tiltekins forms eða efniviðar. Verkin á sýningunni endurspegluðu að báðir listamennirnir áttu mikilvægan þátt í að innleiða skilning og upplifun á myndlist á forsendum formsins inn í íslenskan myndlistarheim og lögðu í þeim efnum allt undir. Þannig þótti Þorvaldi sérstök ástæða til að árétta fyrir landslagsmálverkabjóðinni að menn vissu “í rauninni ekki hvað blái liturinn væri fyrr en menn hættu að tengja hann hafi, himni eða fjalli”. Þá sýndu verkin jafnframt að móðernískur þráður listar þeirra Sigurjóns og Þorvalds liggur í gegnum kynni og áhrif af ýmsum evrópskum framúrstefnum og listamönnum á fyrri hluta 20. aldar.

Verkunum á sýningunni var ætlað að sýna móðernískan kjarna verka þeirra og voru öll í eigu safnanna tveggja. Auk lykilverka eftir báða listamenn komu fyrir almenningssjónir í fyrsta skipti um 100 vinnuteikningar eftir Þorvald. Tilgangur sýningarinnar var að draga fram móðernískan kjarna í verkum þeirra og kanna sameiginlega snertifleti. Sýningunni var fylgt úr hlaði með greinum í sýningarskrá eftir safnstjóra Listasafns Háskóla Íslands, Auði A. Ólafsdóttur, sem gerði úttekt á hugmyndafræðilegum grunni listaverkanna, og Gunnar J. Árnason, heimspeking, sem fjallaði um listamennina og verk þeirra í þjóðfélagslegu og listsögulegu samhengi.